



Fundargerð

Fundur í stjórn Barmahlíðar.

Miðvikudaginn 8. desember 2021, kl. 15.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Embla Dögg B. Jóhannsdóttir formaður, Karl Kristjánsson og Árný Huld Haraldsdóttir. Einnig sat fundinn Steinunn Helga Agnarsdóttir hjúkrunarforstjóri. Árný Huld ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð í tölvu og er ein blaðsíða.

Formaður nefndarinnar bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð stjórnar 29. apríl 2021.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Staða Barmahlíðar.

Hjúkrunarforstjóri fór yfir stöðu reksturs hjúkrunarheimilisins og stöðuna framundan. Reksturinn gengur vel og rými vel nýtt.

3. Samstarf um rekstur öldrunarheimilis.

Erindi frá Dalabyggð 18. október 2021

Stjórn Barmahlíðar samþykkir að ræða við Dalabyggð um samstarf um rekstur. Sveitarstjóra og oddvita falið að vera í sambandi við Dalabyggð.

4. Samningsumboð vegna þjónustusamnings um hjúkrunar- og dvalarrými.

Lagt er fram samningsumboð þar sem Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð felur Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga umboð til gerðar samnings við ríkið um þjónustu í hjúkrunar- og dvalarrýmum Barmahlíðar.

Stjórn Barmahlíðar staðfestir samningsumboð og felur hjúkrunarforstjóra að undirrita umboðið fyrir hönd stofnunarinnar. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 15.50

